



# Áhættumat við framkvæmd fjárlaga 2023

Kynning fyrir fjárlaganefnd 13.mars 2023

**Stjórnarráð Íslands**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



# Áhættumat 2023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur kallað eftir greiningu á áhættuþáttum fagráðuneyta við framkvæmd fjárlaga ársins 2023 og tekið saman yfirlit yfir málaflokka og fjárlagaliði sem þörf er á að hafa sérstakt eftirlit með eða þar sem grípa þarf til viðbótaraðgerða til að tryggjast sé að útgjöld verði innan fjárheimilda á árinu.

Yfirlitið var unnið í samvinnu við fjármálaskrifstofur allra ráðuneyta, í samræmi við ákvæði 33.gr. laga um opinber fjármál og var lögð áhersla á það að greina veigamestu áhættuþætti málaflokka.



# Ferlið fyrir áhættumat, ársáætlun

- Ríkisaðilar skulu, mánuði eftir að frumvarp til fjárlaga og fylgirit hafa verið lögð fram á Alþingi, leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum.
- Í áætlun skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins.
- Eftir að Alþingi samþykkir fjárlög eiga Ríkisaðilar og ábyrgðaraðilar verkefna (þ.m.t. ráðuneytin) að endurskoða áætlun í samræmi við þær breytingar sem voru gerðar frá frumvarpi og skila hlutaðeigandi ráðuneyti til staðfestingar.
- Ársáætlanir skulu hafa verið samþykktar af ráðuneytum eigi síðar en 31. desember (32. gr. LOF) og lesnar inn í ORRA.
- Með samþykkt ársáætlunar er komin skuldbinding milli stofnunar og ráðuneytis um rekstrarumfang og um árangur sem af stofnun á að ná innan ársins.
- Á grundvelli samþykktra ársáætlana ríkisaðila og verkefna verður fjárveitingum dreift á tímabil ársins.



# Áhættumat

- Samhliða samþykkt ársáætlana meta ráðuneyti áhættu ársins.
- Í áhættumati í upphafi árs skal hvert ráðuneyti meta umfang áhættu af umfram útgjöldum málaflokka.
- Ráðuneyti skila áhættumati til fjármála- og efnahagsráðuneytis.
- FJR tekur saman minnisblað til ríkisstjórnar og fjárlaganefndar um niðurstöður áhættumats ársins.
- Fagráðuneytin skulu skila til fjármála- og efnahagsráðuneytis ársfjórðungslegri framvinduskýrslu um stöðu og þróun áhættuþátta.



# Mat á helstu áhættuþáttum

Ráðun.	Mála-flokkur	Stofnun	Skýring og viðbrögð ráðuneytis	*Áhætta ársins í m.kr.
MVF	0720 - Nýsköpun, samk. og þekkingarg	Endurgr. til kvikmynda.g. á Ísl.	Kvikmyndamiðstöð gerir ráð fyrir að áætlaðar endurgreiðslur á árinu 2023 geti numið um 7,6 ma.kr. en fjárveiting ársins er 5,7 ma.kr.	1.900
DMR	09.10 Löggæsla	Ríkislögreglustjóri	Leiðtogafundur Evrópuráðsins verður haldin á Íslandi í maí n.k. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 500 m.kr. vegna þess, en rekstraráætlun RLS gerir ráð fyrir að heildarútgjöld lögreglu gætu orðið á bilinu 1.279 - 1.373	873
DMR	09.20 Landhelgi	Landhelgisgæslan	Óvissa vegna TF-SIF	153
DMR og FRN	10.50 Útlendingamál		Mikil fjölgun hefur orðið á umsækjendum um alþjóðlega vernd og þung staða í afgreiðslu umsókna.	2.600
MAR	12.10 Stjórnun landbúnaðarmála	Matvæla-stofun	Skýrist þessi halli fyrst og fremst af því að gjaldskrá stofnunarinnar hefur um nokkurt skeið ekki tekið breytingum í takt við raunkostnað. Á síðustu mánuðum hefur Matvælastofnun unnið að heildarendurskoðun á gjaldskrá sinni.	260
MAR	13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjárvarútvegi	Hafrannsóknarstofnun	Ráðuneytið hyggst fara í nánari skoðun á rekstri og fjármögnun stofnunarinnar árið 2023 til að huga að tækifærum til hagræðingar.	151
MVF	1820 – Safnamál	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Hallinn tengist að megninu til fjármögnun Landsaðgangs. Stofnunin sér ekki fram á að geta náð þessum halla niður á árinu 2023 heldur frekar að það bætist í ef ekkert verður að gert.	100



Ráðun	Mála-flokkur	Stofnun	Skýring og viðbrögð ráðuneytis	*Áhætta ársins í m.kr.
HRN	2310 - Sérhæfð sjúkrahús-þjónusta	Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Sjúkrahúsið á Akureyri: Staðan mjög þung m.t.t veikinda, mannekleu og álags.  Landspítalinn: Áhættuþættir tengjast launaendurmati í komandi kjarasamningum og viðbótarlaunum vegna mönnunar aukavakta og undirmönnunar. Á móti vega ýmsar auknar tekjur. Samanlögð vegin áhætta er um 860 m.kr.	1.000
HRN	23.20 – Almenn sjúkrahúsþjónusta	Heilbrigðisstofnanir	Undirliggjandi halli hjá heilbrigðisstofnunum sem kemur fram á málaflokkum 23.20, 24.10 og 25.10.	1.506
HRN	23.30, 24.20,2430, 24.40	Sjúkratryggingar	Erlend sjúkrahúsþjónusta, tannlækningar, þjálfun og hjálpartæki og sjúkraflutningar eru liðir sem stýrast af samningum Sjúkratrygginga Íslands og gert er ráð fyrir að allir þessir liðir fari fram úr fjárveitingum á árinu.	2.000
HRN	2610 - Lyf	Sjúkratryggingar	Gert er ráð fyrir að kostnaður við leyfisskyld lyf verði innan fjárheimilda á árinu. Almenn lyf Árið 2022 var kostnaður við almenn lyf um 2,5 milljörðum umfram fjárlög. Á fjárlögum 2023 voru sérstök framlög til að bæta stöðu liðarins og námu þau alls um 2,2 milljörðum króna. Þessi framlög bæta stöðuna umtalsvert en nægja hins vegar ekki til að ná jafnvægi á árinu 2023. Í útreikningum sjúkratrygginga við gerð útkomuspár fyrir árið 2023 er miðað við 6% magnbreytingu ofan á raunkostnað 2022. Magnbreytingin skiptist þannig að 2,5% eru vegna lýðfræðilegra þátta en 3,5% vegna sérstakrar aukningar í sykursýkislyfjum, ADHD-lyfjum, blóðþynningarlyfjum og flogaveikilyfjum. Með því að hækka rauntölur eins og hér segir stefnir lyfjaliður í 1.293 m.kr. halla árið 2023	1.300
FRN	29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	Öryggisvistun (07-999-170)	Öryggisþjónusta er veitt á grundvelli samninga við sveitarfélög.	400
			Samtals	12.243



# Ábyrgð samkvæmt LOF

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur umsjón og eftirlit með að skipting fjárheimilda í fjárveitingar, framkvæmd fjárlaga, fjárreiður ríkisaðila og fjárstýring séu í samræmi við ákvæði LOF. Hann setur reglur þar að lútandi, veitir leiðbeiningar um framkvæmd fjárlaga og fylgist með að eftir þeim sé farið.

Hver ráðherra ber ábyrgð á og hefur **virkt eftirlit** með framkvæmd fjárlaga á sínu málefnasviði. Hver ráðherra ber ábyrgð á að ráðstöfun fjárheimilda sé innan þess ramma sem Alþingi ákveður. (34 .gr.)

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð gagnvart hlutaðeigandi ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að **rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir** sem samþykktar hafa verið. (35.gr.)



# Næstu skref

Fjárlaganefnd fundar með ráðuneytum með mesta áhættu ?

Fjármála- og efnahagsráðuneytið uppfærir áhættumat við lok fyrsta ársfjórðungs, kallað eftir stöðu, skýringum og aðgerðum frá ráðuneytum.

Að auki er fylgist sérstaklega með þeim áhættuþáttum sem hér hafa verið tilgreindir.





6. mars 2023

| **Stjórnarráð Íslands**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið